

2. fundur minjaráðs Norðurlands eystra

Haldinn 26. mars 2015 kl. 14:00 á Borgum, Akureyri.

Fundinn sátu: Sigurður Bergsteinsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Haraldur Þór Egilsson, Baldur Daníelsson, Hjörleifur Finnsson og Sif Jóhannesdóttir.

1. Minjavörður kynnrir verkefni síðasta árs

Sigurður sagði frá starfsemi minjavarðar Norðurlands eystra 2014. Stór hluti verkefnanna er í tengslum við skipulagsvinnu sveitarfélaga. Velt upp hugmyndum um hvernig gera mætti reglur varðandi uppgreiftri og skyldur einstaklinga í því samhengi sýnilegri t.d. með stuttum fræðsluþáttum í sjónvarpi eða auglýsingu á hverju vori. Þannig væri vakin athygli á tilkynningarskyldu og hvert skuli leitað ef fólk verður vart við minjar í tengslum við framkvæmdir eða af tilviljun. Afar lítið hefur verið unnið af húsaskrá fyrir starfssvæðið, hún er til fyrir hluta af Akureyri. Á húsaskrá eiga að vera öll hús sem byggð eru fyrir 1950.

2. Kynning á verkefnum 2015

Evrópski menningarminjadagurinn: Í ár er dagurinn tileinkaður iðnaðarminjum (Industrial Heritage). Ólíkt því sem verið hefur verður ekki um ákveðinn dag að ræða heldur tímabil. Rætt um hvaða 2-3 minjastaðir á starfssvæði minjaráðsins væru til þess fallnir að vekja athygli á þeim í tengslum við minjadaginn. M.a. rætt um síldarminjar á Siglufirði og minjar um járngerð í nágrenni Mývatnssveitar.

Verndun strandminja: Strandlengja Norðurlands eystra er löng. Ekki er til nein heildarskrá yfir þær minjar sem eru í hættu vegna ágangs sjávar eða fljóta. Verið er að leita að fjármagni til að vinna að verkefnum tengdum strandminjar. Rætt um Siglunes og fleiri staði í þessu samhengi. Ráðið sammála um mikilvægi þess að ná yfirsýn yfir minjar í hættu vegna ágangs sjávar eða fljóta á svæðinu.

Stefnumörkun í minjavernd: Sigurður greindi frá því að búið er að vinna stefnumörkun sem bíður yfirlestrar í forsætisráðuneytinu.

2. Hlutverk minjaráðs

Ráðið velti fyrir sér hlutverki sínu m.a. út frá lögum. Meðal þess sem kom fram var að hlutverk ráðsins ætti að vera útfærsla á stefnumörkun um minjavernd innan starfssvæðisins. Það er einnig mikilvægt fyrir minjavörð á hverju svæði að hafa vettvang til að ræða starfsemina. Vettvangsferðir eru mikilvægar fyrir starfsemi ráðsins, það þarf að þekkja starfssvæðið og mikilvæga minjastaði. Nú hafa minjaráð víða um land fundað og mikilvægt að hlutverk þeirra sé nokkuð samræmt. Því leggur minjaráð Norðurlands eystra til að öll minjaráðin og minjaverðir landshlutanna hittist á sameiginlegum fundi þar sem hlutverk þeirra verður rætt og mótað. Skilgreina þarf hlutverk ráðanna, ákveða hvar fundargerðir þeirra skuli teknar fyrir, hjá Minjastofnun, aðilum sem tilgreina fulltrúa í ráðin og e.t.v. fleirum. Ákveðið að minjavörður sendi fundargerðirnar á alla aðila sem tilnefna fulltrúa í ráðið.

Önnur mál

a) Hofsstaðir, rætt um mögulegt hlutverk staðarins til framtíðar og þær hugmyndir sem komið hafa fram um það. Hofsstaðir er afar mikilvægur minjastaður. Ákveðið að halda næsta fund ráðsins þar.

b) Lagt til að minjavörður heimsæki skipulagsnefndir á svæðinu og kynni sitt hlutverk og reglur um fornleifar og skráningu þeirra. Eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar er mikið af nýju fólki í nefndum sem hefði sannarlega gagn af slíkri kynningu.

c) Næsti fundur ráðsins verður haldinn í ágúst-september, farið verður í vettvangsferð og kannað hvort hægt er að funda á Hofstöðum.

Sif ritaði fundargerð.

Fleira ekki bókað, fundi slitið.